

UPPLÝSINGAR UM ALMENNT NÁMSKEIÐ TIL LÖGGILDINGAR VIGTARMANNS

Þátttökugjald: 96.800 kr.

(Námskeiðsgjald 88.500 kr. og löggildingargjald 8.300 kr. sbr. lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991)

Námskeið haldi í janúar, júní og október

Umsóknar- og greiðslufresti lýkur 5 dögum fyrir námskeið
Greiða skal reikning sem stofnaður er í netbanka

Það er algert skilyrði að skila inn **sakavottorði** og **búsforræðisvottorði** áður en hægt er
að gefa út skírteini

Námskeiðið er haldið í húsnæði Neytendastofu, Borgartúni 21. Sjá nánari leiðbeiningar hér að neðan

Takmarkaður fjöldi kemst á hvert námskeið.

**Skilyrði sem uppfylla þarf til að geta hlotið löggildingu,
endurlöggildingu eða bráðabirgðalöggildingu**

Svo löggilda megi vigtarmann þarf hann að uppfylla eftirfarandi skilyrði, sem um er getið í 23. gr. laga nr. 91/2006: **a. eru búsettir hér á landi, b. eru fullra tuttugu ára, c. eru sjálfráða og fjárráða.**

Ennfremur stendur í fyrrgreindum lögum:

„synja skal manni um löggildingu ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.“

Til að sanna að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt þarf að leggja fram sakavottorð og búsforræðisvottorð. Sakavottorð fá menn hjá sýslumanni sínum. – Á höfuðborgarsvæðinu hjá Sýslumanninum staðsettum í Kópavogi, Hlíðarsmára 1, 201 Kópavogi. Búsforræðisvottorð fá menn hjá héraðsdómara sínum (eins hægt að sækja um það á netinu). Löggildingarskírteini má ekki gefa út nema þessi **vottorð** liggi fyrir.

Sérreglur um íslenskukunnáttu

Athygli er vakin á því að gerðar eru kröfur um íslenskukunnáttu bæði varðandi skilning og skrift þar sem öll kennsla fer fram á íslensku og einnig eru spurningar á prófi á íslensku og einnig þarf að svar spurningum í prófi á íslensku.

Um námskeiðshald

1. Námskeiðið er í 3 daga.
2. Það þarf að greiða þátttökugjald fyrirfram.
3. Ef námskeiðið yfirfyllist raðast menn inn á námskeiðið í þeirri röð sem greitt var.
4. Námskeiðið verður haldið í húsnæði Neytendastofu (kjallara) Borgartúni 21 og hefst kl. 9:30. Sjá nánari stundarskrá hér að neðan.
5. Húsið er opnað að neðanverðu kl. 7:30 (dýrnar að ofanverðu kl. 8:00).
6. Best er að ganga inn að neðanverðu, þar blasa við leiðbeiningar um aðgönguleið að námskeiðsstofu.
7. Það eru næg bílastæði á efstu hæð bílageymsluhúss á bakvið Borgartún 21. Ekið er niður á milli Borgartúns 21 og Arionbanka og þar upp á efstu hæð á bílastæðishúsi.
8. Til að hjálpa mönnum að finna Borgartún 21, má geta þess að í því sama húsi er Ríkissáttasemjari, Íbúðalánasjóður, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Fasteignamat ríkisins, svo eitthvað sé nefnt.
9. Nemendur þurfa ekki að hafa neitt með sér, samt er mælt með að þátttakendur taki með sér eigin skriffæri.
10. Þátttakendur þurfa að koma með reiknivél,
11. Mögulegt er að kaupa hádegismat í mötuneyti á staðnum (5.h.) eða á nálægum veitingastöðum.

Stundarskrá	
Mánudagur.....	9:30 - 17:00
Þriðjudagur.....	8:00 - 17:00
Miðvikudagur.....	8:00 - 12:00 ¹⁾
1) Í síðasta lagi	